



Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Upplýsingarit fyrir kjörna fulltrúa

Um þetta rit

Ágæti kjörni fulltrúi.

Í þessu riti er að finna upplýsingar um framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Ritinu er ætlað að auka þekkingu og skilning á mikilvægi þess að greina öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns eftir kynja- og jafnréttissjónarmiðum.



Hvað er kynjuð fjárhags- og starfsáætlun?

Fjárhagsáætlun er stærsta stefnumótandi verkefni borgarinnar. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hefur það að leiðarljósi að samþætta þekkingu á jafnréttismálum við gerð fjárhags- og starfsáætlana hjá borginni. Með því er stefnt að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til mismunandi þarfa borgarbúa.

Markmið KFS er að umbreyta stefnum, verkefnum og úthlutun gæða með þeim hætti að Reykjavíkurborg stuðli að jafnrétti og jöfnum tækifærum fólks, og vinni gegn mismunun og ójöfnuði. Til þess þarf að hafa góðar upplýsingar um stöðuna og nýta þá þekkingu við ákvarðanatöku.

Lög um stjórnýslu jafnréttismála og lög um jafna stöðu kynjanna leggja ýmsar skyldur á sveitarfélög, þar með talið að vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun, ákvarðanatöku og við ráðstöfun fjármagns. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og því erum við einnig að horfa á fleiri félagslega þætti en kyn. Þá hefur Reykjavíkurborg einnig samþykkt Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum.

Af hverju skiptir þetta máli?

Fólk býr við ólíka félagslega- og efnahagslega stöðu. Ýmsir þættir hafa áhrif á stöðu fólks í samfélaginu, eins og t.d. kyn, aldur, uppruni, þjóðerni, hinseginleiki og fötlun/ófötlun. Margt fólk tilheyrir fleiri en einum jaðarsettum hóp og getur þannig orðið fyrir margþættri mismunun.

Starfsemi sveitarfélaga hefur mikil áhrif á íbúa þess, enda eru þau það stjórnýslustig sem stendur fólki næst og t.d. veita þau mikilvæga þjónustu og bera ábyrgð á fyrstu skólastigunum. Fjárhagslegar ákvarðanir Reykjavíkurborgar geta haft ólík áhrif á fólk eftir kyni og annarrar stöðu þess.

Það er skilvirkara og hagkvæmara að hugsa um þarfir og hagsmuni ólíkra aðila strax frá upphafi, því það getur verið kostnaðarsamt að breyta eftir á.

Hvað vitum við um stöðuna?

Við vitum í raun mjög mikið um stöðu jafnréttismála. Hér verða nefnd nokkur dæmi hvað varðar kynjajafnrétti. Mikilvægt er að horfa einnig til margþættrar mismununar og skoða hlutina út frá öðrum þáttum eins og t.d. fötlun, uppruna, hinseginleika, aldri o.fl. eftir því sem hægt er og við á.

Til staðar er kynbundinn launa- og tekjumunur, konum í óhag. Íslenskur vinnumarkaður er fremur kynskiptur, þar sem kynin gegna ólíkum störfum og búa ekki endilega við sömu möguleika á stöðuhækkunum, sem birtist t.d. með þeim hætti að konur eru hlutfallslega færri í ýmiskonar valda- og áhrifastöðum í samfélaginu. Ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf (t.d. heimilisþrif, umönnun barna og fjölskyldumeðlima, og að halda utan um rekstur heimilisins) hvíla enn þyngra á herðum kvenna en karla, sem takmarkar möguleika þeirra til að sinna t.d. launuðu starfi og áhugamálum, ásamt því að valda álagi og streitu. Að sama skapi taka feður að jafnaði styttra fæðingarorlof en konur og tapa þannig dýrmætu tækifæri til að eyða tíma með börnum sínum. Þá hefur kynbundið ofbeldi mikil áhrif á líf og heilsu kvenna. Heilsa kvenna er að mörgu leiti lakari en karla, þær eru t.d. líklegri til að vera með örorku og eiga að meðaltali færri ár við góða heilsu en karlar þrátt fyrir að lifa að jafnaði lengur. Ástæður þessa geta legið í samfélagslegri stöðu þeirra, sbr. ofangreinda þætti.

Þessi samfélagslega staða hefur áhrif á heilsu og velferð kvenna og gerir það að verkum að konur þurfa að reiða sig meira á allskonar opinbera þjónustu, sem gerir það að verkum að þegar skorið er niður í þjónustu þá bitnar það alla jafna meira á konum en körlum.

Meginverkefni KFS

Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun árið 2011. Í verkfærakistu KFS eru verkfæri sem hjálpa okkur við að bera kennsl á kynja- og jafnréttisáhrif tiltekinna verkefna eða tillagna og er ætla að styðja við ákvarðanatöku kjörinna fulltrúa. Markmiðið er að ákvarðanir sem eru teknar innan borgarinnar séu þannig úr garði gerðar að þær stuðli að jafnrétti og jöfnuði.

Forsenda þess að geta tekið upplýsta ákvörðun varðandi ráðstöfun og tekjuöflun borgarinnar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum er að greina stöðuna.

Greining þjónustupátta

Greining þjónustupátta rýnir hvort núverandi þjónusta borgarinnar taki mið af mismunandi þörfum borgarbúa og hvernig megi bæta hana.

Niðurstöður greininga á þjónustupáttum og mögulegar tillögur að aðgerðum eru kynntar fyrir sviðsstjóra og fagráðum. Fagráð taka í kjölfarið ákvörðun um aðgerðir.

Jafnréttisskimun

Öll ný verkefni í fjárhagsáætlun á komandi ári og breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun á að jafnréttisskima. Sömulleiðis á að jafnréttisskima allar tillögur að fjárfestingarverkefnum fyrir fjárfestingaráætlun.

Jafnréttisskimun tekur saman jafnréttisáhrif tillagna með einföldum hætti og er ætlað að styðja við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa um forgangs röðun og ráðstöfun fjármuna.

Jafnréttismat

Jafnréttismat er dýpri og ítarlegri útgáfa af jafnréttisskimun. Jafnréttismat skal framkvæma á tillögum sem teljast hafa jafnréttisáhrif *eftir* að þær hafa farið í gegnum jafnréttisskimun.

Jafnréttismöt geta verið mjög misjöfn í umfangi og fer það eftir eðli tillögunnar og þeirri starfsemi sem hún nær yfir.

Ábyrgðarhlutverk

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun er viðamikil verkefni sem er unnið þvert á borgina. Stjórnendur, starfsfólk og kjörnir fulltrúar hafa öll ákveðnum hlutverkum að gegna til að stuðla að árangursríkri framkvæmd.

Borgarstjórn: Ber ábyrgð á að kynja- og jafnréttissjónarmið og niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismata séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku.

Borgarráð: Ber ábyrgð á að fjallað sé um jafnréttisáhrif verkefna/tillagna þegar þær eru teknar til umræðu. Jafnréttisskimanir eiga því að fylgja málum þegar þau eru tekin fyrir á vettvangi borgarráðs.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð: Ber ábyrgð á hvert beri að stefna í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá fag- og kjarnasviðum ásamt miðlægum skrifstofum og stofnunum. Ráðið fylgir framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar eftir.

Fagráð: Bera ábyrgð á að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til grundvallar við mótun verkefna og liggi fyrir við afgreiðslu þeirra. Þau taka ákvörðun um aðgerðir í kjölfar greininga á þjónustupáttum.

Hvert er mitt hlutverk?

Sem kjörinn fulltrúi hefur þú mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Kjörnir fulltrúar taka ákvarðanir varðandi tekjuöflun og útgjöld borgarinnar og eru því í lykilhlutverki þegar kemur að því að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar við forgangs röðun og ákvarðanatöku.

Þannig vinnum við markvisst gegn ójöfnuði, í átt að jafnrétti, og tryggjum að þjónusta borgarinnar taki mið af ólíkum þörfum fólks.

Það er þitt hlutverk að gæta að því að ákvarðanir séu teknar með upplýstum hætti og taki tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Hvað get ég gert?

Jafnréttisskimanir eiga að fylgja málum þegar þau eru lögð fyrir Borgarráð og Borgarstjórn. Ef jafnréttisskimun fylgir ekki, þá ættir þú að óska eftir henni. Það eru ekki góð vinnubrögð að jafnréttisskima eftir að ákvarðanatöku hefur átt sér stað, þar sem skimunin uppfyllir þá ekki hlutverk sitt að styðja við ákvarðanatökuna.

Ef niðurstöður jafnréttisskimunar eru óljósar eða gefa til kynna áhrif á stöðu kynjanna sem þyrfti að skoða nánar þá ættir þú að kalla eftir því að framkvæmt verði dýpra jafnréttismat á verkefninu/tillögunni.

Að lokum

Það eru góð vinnubrögð að horfa á hlutina frá ólíkum sjónarhornum og skoða áhrif fjárhagslegra ákvarðana á ólíka hópa fólks. Það felur einnig í sér tækifæri til að gera breytingar á verkefnum/tillögum sem eru til þess fallnar að stuðla að jafnrétti og jöfnum tækifærum fólks.

Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að tryggja að ákvarðanir séu teknar með upplýstum hætti og með hliðsjón af kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Þú gegnir lykilhlutverki í að tryggja að þjónusta borgarinnar mæti ólíkum þörfum fólks og að við séum að vinna í átt að jafnrétti og jöfnum tækifærum allra borgarbúa.

Hafa samband

Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar veitir með ánægju nánari upplýsingar um framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Sími: 411 4159

Netfang: sigridur.finnbogadottir@reykjavik.is



Reykjavíkurborg

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 12
101 Reykjavík